

Nd.

215. Nefndarálit

um frv. til laga um jöfnunarsjóð aflahluta.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Aðalefni frv. þessa er að lögskipa, að greiða skuli fast gjald af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem hefur hlutarráðningu, í sérstakan sjóð, sem nefndur er jöfnunarsjóður aflahluta, gegn því að ríkissjóður leggi fram jafna fjárhæð á móti eftir ákveðnum reglum.

Sjóði þessum á síðan að verja til þess að bæta upp aflahluti síðar, þegar þeir verða minni en lágmark, sem nánar er tilgreint í frv.

Við, sem erum í minni hluta sjútvn. í þessu máli, litum að visu svo á, að æskilegt og jafnvel nauðsynlegt geti verið að setja einhver ákvæði í lög um kauptryggingar eða hlutatryggingar þeirra manna, sem þessa atvinnu stunda, og munum geta verið sammála meiri hl. nefndarinnar um þá meginhugsun, sem í frv. felst. Hins vegar teljum við, að á engan hátt megi að því hrapa að setja löggjöf um þessi efni, heldur verði fyrst að láta fara fram ýtarlega athugun, á hvern hátt slíkum tryggingum sé haganlegast fyrir komið. Slíka athugun er naumast á færi þingnefndar að gera, því að sjálfsagt er, að ekki sé til hennar höndum kastað. Við förum fram á það í nefndinni, að leitað væri til Fiskifél. Íslands um, að það láti gera rannsókn á því, hver árangur mundi hafa orðið af löggjöf slíkri sem þessari, ef sett hefði verið fyrir nokkrum árum, og jafnframt vildum við, að leitað væri til fleiri aðila um rökstutt álit á þessari lagasmíð. Þetta fekkst sumpart ekki fram í nefndinni og sumpart báru málaleitanir þessar ekki árangur.

Mál þetta er ekki alveg nýr gestur á Alþingi; það hefur tvísvar áður legið fyrir, á árunum 1939 og 1940, og var í bæði skiptin borið fram af núv. fyrra flutningsmanni þess (SK). Á fyrra þinginu, þegar það var svipað og nú, var frv. breytt í Nd., þannig að skattgreiðslan til sjóðsins var því aðeins skylda, að meiri hluti sjómanna innan hvers bæjar- eða sveitarfélags hefði gert samþykkt um það. Var þeim því sett það í sjálfvald, hvort þeir greiddu gjaldið eða eigi. (Sbr. Alþt. 1939, þskj. 483). — Í efri deild var málinu vísað til nefndar, en álit frá henni kom ekki. Á Alþingi 1940 var frv. flutt líkt því að efni, sem neðri deild hafði gengið frá því árið áður, eða jafnvel enn þá lausara eða frjálsara. Samþykktar sjómanna í hlutaðeigandi bæjarfélagi eða sveitar þurfti nú ekki, heldur gat hver og einn ráðið því, hvort hann vildi tryggja aflahluta sinn eða ekki. Afgreiðsla málsins á því þingi varð sú, að samþykkt var í Nd. með 16 : 5 atkv. svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá sjávarútvegsnefnd:

„Þar sem nauðsynlegt verður að teljast, að komið verði á hlutatryggingum á íslenzkum skipum, sem gerð eru út með hlutarráðningu, en mál þetta þarf ræki- legan undirbúning og athugun, áður en löggjöf verður um það sett, ályktar deildin að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með aðstoð tryggingafróðra manna, frv. til laga um hlutatryggingar fyrir næsta Alþingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“ (Sbr. Alþt. 1940, þskj. 189).

Meðferð málsins á þessum tveim þingum sýnir það meðal annars, að svo hefur þá verið litið á, að nauðsynlega athugun og undirbúning vantaði. Þess vegna breytir fyrra þingið skyldutryggingu í frjálsa tryggingu, og af sömu ástæðu felur seinna þingið ríkisstjórninni undirbúning þess. En þar sem sú athugun og undirbúningur hefur enn ekki verið gerður, er málið allt í sömu sporum og þegar rökst. dagskráin var samþykkt. Það er ekki vitað, að neitt það hafi fram komið síðan, sem geri málið einfaldara en þá né auðveldara í framkvæmd, nema síður sé. Síðan þá hefur orðið stórfelld röskun í atvinnuvegum þjóðarinnar og ekki síður í sjávarútveginum en annars staðar. Því má að visu halda fram, að sjómenn séu ekki síður færir um greiðslu tryggingargjaldsins nú en þá, en þó er því nú haldið fram, og

er rétt, að vertíðin í vetur hafi brugðizt verulega í sumum verstöðvum landsins. Í greinargerð frumv. er engin tilraun gerð til þess að meta, hversu gjald það, sem ríkissjóði er ætlað að greiða, muni nema miklu, og væri því samþykkt þessa frv., eins og það liggur fyrir, hálfgerður blindingsleikur gagnvart ríkissjóði. Það er að vísu talað um góða afkomu hans á þessum tímum, en hvað fram undan er í þeim efnum, er öllum hulið, og því nokkuð vafasamt að binda honum með lögum ný útgjöld, sem ekkert liggur fyrir um, hverju kunna að nema.

Að þessu öllu athuguðu getum við ekki ráðið til þess, að frv. verði samþykkt á þessu þingi, en munum bera fram á sérstöku þskj. till. til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni athugun og undirbúning málsins.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að mál þetta hefur enn ekki hlotið þann undirbúning, sem áður hefur verið óskað eftir og telja verður nauðsynlegan í svo mikilsverðu fjárhagsmáli sem hér um ræðir, telur deildin ekki fært að afgreiða það með lögum að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. apríl 1942.

Jón Ívarsson, Gísli Guðmundsson.
frsm.